



KRISTNI Í 1000 ÁR

Saga manns á krossi. Einföld og fábrotin eins og fórnir og áþján milljóna í aldanna rás. Samt sá atburður sem lifað hefur í bæn og tilbeiðslu í árþúsund.

Þjóð á vegamótum. Bændur og fiskimenn við nyrsta haf. Sigurvegarar í þrotlausri baráttu við storminn, eldinn, ísinn og úfinn sæ.

Samlifun Íslendinga í aldatug frá örlagastundinni á Þingvöllum þegar Kristur og krossinn urðu tákn trúar og tíma.

Eilífð og augnablik eru tóngjafar – hljómurinn í sköpunarverkinu sem fangar alheim á andartaki.

Í ljóðlínnum ættjarðaróðsins um Íslands þúsund ár færir sálahirðir við Eyjafjörð, sóknarprestur á Akureyri, þjóðskáldið Matthías okkur samhæfingu þessa alls:

„Fyrir þér er er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur, ei meir:
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.”

Við upphaf hátíða sem haldnar verða í fjörðum og dölum um landið allt og færa munu þjóðina til Þingvalla á ný gefst okkur stund í Akureyrarkirkju til að fagna og minnst. Þar helgum við trú að nýju og njótum listaverka sem innblásin eru vissunni um kærleika guðs og eilíft líf.

Ólafur Ragnar Grímsson
forseti Íslands